Árlega fer Raftæknideild Isavia ANS yfir stillingar á öllum ljósakerfum og reglum ljósabúnaðar og metur ástand búnaðar og lagna í tengslum við árlega flugprófun. Í lok slíkrar ferðar skilar verkefnastjóri Raftæknideildar skýrslu til flugvallarstjóra. Í skýrslunni kemur fram hvaða atriði voru framkvæmd ásamt rökstuddum tillögum um endurnýjun búnaðar og tækja. Árlegt eftirlit Raftæknideildar er framkvæmt samkvæmt verklagi Raftæknideildar.

### 11 TÆKJABÚNAÐUR FLUGVALLARINS

---

*OPERATING, MAINTENANCE AND REPAIR INSTRUCTIONS, SERVICING INFORMATION,  
TROUBLESHOOTING AND INSPECTION PROCEDURES OF AERODROME EQUIPMENT.*

---

Upplýsingar um tæki flugvallarins er að finna í upplýsingakerfinu “MainManager”. Bæklingar og leiðbeiningar fyrir tækin er geymd á skrifstofu verkstæðis flugvallarins. Upplýsingakerfið “MainManager” heldur utan um allt reglubundið viðhald á tækjabúnaði flugvallarins. Eftirlit er framkvæmt samkvæmt VR505 04 *Eftirlit með bifreiðum, vélum og tækjum*.

### 12 YFIRBORÐ ATHAFNASVÆÐIS

---

*MOVEMENT AREA.*

---

#### 12.1 VIÐHALD YFIRBORÐS ATHAFNASVÆÐIS

---

*PROCEDURE FOR MAINTENANCE OF THE MOVEMENT AREA INCLUDING PAVED AREAS;  
UNPAVED RUNWAYS AND TAXIWAYS; RUNWAYS AND RUNWAY STRIPS AND AERODROME  
DRAINAGE.*

---

Yfirumsjón með viðhaldi og eftirliti á yfirborði flugvallarins er í höndum verkefnastjóra Isavia innanlandsflugvalla. Minniháttar viðgerðir og breytingar eru inntar af hendi eins fljótt og auðið er. Verkefnastjóri Isavia innanlandsflugvalla hefur yfirumsjón með viðhaldsverkefnum á athafnasvæði flugvallarins.

Vaktstjóri flugvallarþjónustu sinnir daglegu eftirliti á flugbrautum, akbrautum, öryggissvæðum flugbrauta ásamt dreni á flugvellinum. Verði flugvallarþjónustan vör við einhverjar skemmdir, skal vaktstjóri skrá það sem atvik í Opscom ásamt því hafa samband við viðeigandi aðila ef tilefni þykir til.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 12.2 OFÁLAG Á YFIRBORD ATHAFNASVÆDIS

*PROCEDURE FOR OVERLOAD OPERATIONS.*

Flugvallarstjóri verður að samþykkja allar starfsaðferðir á meðan á ofálagi stendur. Þegar hlýnunartímabil gengur í garð eftir mikinn frostakafla, skal forðast ofálag með öllu.

ACN allt að 10% hærra en PCN er ásættanlegt ef eftirfarandi skilyrðum er mætt:

- Malbikið er meira en 12 mánaða gamalt.
- Malbikið sýnir engin merki um ofálag.
- Ofálag nær ekki meira en 5% af árlegum heildarfjölda brottfara, dreift yfir árið.

ACN sem er 11-39% hærra en PCN er í lagi við sérstakar aðstæður. Til viðbótar ofangreindra skilyrða þarf umdæmisstjóri að láta framkvæma úttekt á malbikinu bæði fyrir og eftir ofálag. Ef vart verður við skemmdir í malbikinu er ofálag ekki heimilað á ný fyrr en lagfæringar hafa verið gerðar.

ACN sem er 40% hærra en PCN er einungis heimilt í neyðartilfellum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 13 FRAMKVÆMDIR Á FLUGVELLINUM

*PROCEDURES FOR AERODROME WORKS.*

#### 13.1 NÝBYGGINGAR- OG VIÐHALDSVERKEFNI

*CO-ORDINATING, PLANNING, AND CARRYING OUT CONSTRUCTION AND MAINTENANCE WORK.*

Öll verk eru skráð og fara í gegnum ferli og fundi þar sem hlutaðeigandi aðilar fá vitneskju um verkið, geta átt innlegg og gert athugasemdir við áætlunina. Sjá KV100 12 *Umbætur og breytingar* og VR500 03 *Áhættustjórnun flugvalla Isavia Innanlandsflugvalla*.

Isavia innanlandsflugvellir halda utan um framkvæmd verkefnis og tryggja að öryggisreglur séu uppfylltar.

Sjá nánar skjalið VL705 10 *Öryggisreglur fyrir framkvæmdir innan flugvallarsvæðis*.

#### 13.2 SAMSKIPTI VIÐ FLUGTURN Á MEÐAN Á FRAMKVÆMDUM STENDUR

*ARRANGEMENTS AND MEANS OF COMMUNICATING WITH AIR TRAFFIC SERVICES UNIT DURING THE PROGRESS OF SUCH WORK.*

Allar framkvæmdir verða að hljóta samþykki flugvallarstjóra áður en vinna hefst. Ef framkvæmdirnar valda skerðingu á öryggismálum flugvallarins, skal flugvallarstjóri þegar í stað setja af stað ferli til að uppfylla öryggiskröfur á ný ella loka flugvellinum. Getur þar t.d. verið um að ræða ef búnaður stendur upp úr hindranafleti flugvallarins eða ef umferð er um flugbrautir.

Ef aðgerðir hafa áhrif á aðflug að flugvellinum skal flugvallarstjóri tilkynna það flugleiðsöguviði. Ef aðgerðir hafa aðeins áhrif á flugvallarstjórn þá skal hann tilkynna það til flugturns. Flugturn upplýsir síðan flugmenn um ástand mála.

Ef um er að ræða verkefni sem ber að með það skömmum fyrirvara að ekki er hægt að ná í flugvallarstjóra eða hans staðgengil, skal flugráðgjafi setja af stað nauðsynlegt tilkynningaferli eins og getið er að ofan.

Ef utanaðkomandi verktakar sinna framkvæmdum á flugvellinum þá skal nafn tengiliðs þeirra vera skráð í flugturni og á viðhaldsstöð.

Starfsmönnum við framkvæmdir ber að hlíta fyrirmælum flugvallarstarfsmanna. Þeim ber að leita heimildar áður en farið er inn á flugbrautir og tilkynna flugturni þegar farið er út af flugbraut.

Sjá nánar skjalið VL705 10 *Öryggisreglur fyrir framkvæmdir innan flugvallarsvæðis*.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 14 HLAÐSTJÓRN

---

*PROCEDURES FOR APRON MANAGEMENT.*

---

#### 14.1 FÆRSLA LOFTFARS Á MILLI FLUGUMFERÐAÞJÓNUSTU OG HLAÐSTJÓRNAR

---

*TRANSFER OF THE AIRCRAFT BETWEEN AIR TRAFFIC SERVICES UNIT, AND THE APRON MANAGEMENT UNIT.*

---

Icelandair fer með daglega hlaðstjórn eigin véla á Egilsstaðaflugvelli. Flugvélar fá upplýsingar frá flugradíói um hvar þær eiga að leggja. Ef þær þurfa frekari hlaðstjórn þarf rekstaraðili vélanna að óska sérstaklega eftir því við flugturn.

#### 14.2 STÆÐAÚTHLUTUN

---

*ALLOCATION OF AIRCRAFT PARKING POSITIONS.*

---

Flugþjónustuaðilar í samráði við turn sjá um úthlutun á stæðum fyrir þær vélar sem þeir eru með í þjónustu.

#### 14.3 GANGSETNING OG BROTTFÖR (PUSH-BACK) LOFTFARS

---

*ENGINE START AND AIRCRAFT PUSH-BACK.*

---

Flugþjónustuaðilar sjá um gangsetningarþjónustu fyrir þær vélar sem þeir eru með í þjónustu. Engin dráttarþjónusta (Push back) er veitt á flugvellingum.

#### 14.4 LEIÐBEINING (MARSHALLING) OG LEIÐARÞJÓNUSTA (FOLLOW-ME)

---

*MARSHALLING AND 'FOLLOW-ME' SERVICE.*

---

Flugþjónustuaðilar nota upplýstar bendikeilur til leiðbeininga (Marshalling) á fluglaði. Flugvallarþjónustan annast leiðarþjónustu (Follow-me) á flugvellingum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## **FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG**

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### **15 ÖRYGGI Á HLAÐI**

*PROCEDURES FOR APRON SAFETY MANAGEMENT.*

#### **15.1 ÚTBLÁSTUR LOFTFARA**

*PROTECTION FROM JET BLASTS.*

Flugrekstraraðili skal sjá til þess að útblástur frá loftfari valdi ekki hættu á flughlaði. Sjá nánar skjalið HB540 02 *Öryggisreglur BIEG*.

#### **15.2 FRAMFYLGNI ÖRYGGISREGLNA VIÐ ELDSNEYTISÁFYLLINGU**

*ENFORCEMENT OF SAFETY PRECAUTIONS DURING AIRCRAFT REFUELLING OPERATIONS.*

Áfylling eldsneytis er framkvæmd af Ícelandair í umboði Olíufélagsins Skeljungs og samkvæmt þjónustusamningi þar að lútandi. Flugfélag Íslands fylgir viðeigandi verklagsreglum í *Shell Aviation Operation Manual*. Öryggisstjóri Isavia innanlandsflugvalla skipuleggur árlega úttektir í tengslum við öryggisstjórnunarkerfi flugvallarins og tryggir þannig að framkvæmdaraðili hafi þessar reglur.

Sjá nánar skjalið HB540 02 *Öryggisreglur BIEG*.

#### **15.3 AÐSKOTAHLUTIR (FOD)**

*FOD PREVENTION, INCLUDING APRON CLEANING/SWEEPING.*

Starfsmenn flugvallarþjónustunnar fara reglulega í vallar- og brautaskoðun og er eftirlit með aðskotahlutum og hreinsun þeirra, einn megin tilgangur þeirrar athugunar. Flugturninn tilkynnir flugvallarþjónustunni ef hann verður var við eða fær fregnir af aðskotahlut og fara þá starfsmenn flugvallarþjónustunnar á staðinn og hreinsa svæðið.

Öllum starfsmönnum á flugvelli er ætlað að hreinsa upp aðskotahluti á sínu vinnusvæði og tilkynna um slíkt til flugvallarþjónustunnar sem skráir atvik.

#### **15.4 EFTIRLIT MEÐ ÖRYGGI Á HLAÐI**

*MONITORING COMPLIANCE OF PERSONNEL ON THE APRON WITH SAFETY PROCEDURES.*

Starfsmönnum flugvallarins er skylt að tilkynna flugvallarstjóra um brot á öryggisreglum sem þeir verða varir við og geta ekki leyst sjálfir. Starfsmenn flugvallarþjónustu sjá um eftirlit eða eftirfylgni á öryggisreglum á flughlaði af hálfu flugvallaryfirvalda samkvæmt handbók vegna flugverndar og öryggisgæslu á Egilsstaðaflugvelli. Miðað er við að úttektir sem skipulagðar

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

eru af Öryggisstjóra í tengslum við öryggisstjórnunarkerfi flugvallarins taki út framfylgd öryggisreglna. Einnig sinnir Flugverndarfulltrúi úttektum á framkvæmd öryggismála flugvallarins.

Sjá nánar skjalið HB540 02 Öryggisreglur BIEG.

### 15.5 EFTIRLIT MEÐ ÖRYGGI FARÞEGA Á HLAÐI

*ESCORTING, CONTROLLING AND PROTECTING PASSENGERS ON THE APRON, FROM VEHICULAR TRAFFIC AND OPERATING AIRCRAFT, USE OF PREDETERMINED ROUTES, AND AVOIDING INTERFERENCE WITH STATIONARY AIRCRAFT GROUND SERVICING ACTIVITIES.*

Við brottför og komu flugfars skal allt starfsfólk, farþegar og tilheyrandi búnaður vera utan stæðis loftfars þar til flugfarið hefur stöðvast, hreyflar þess stöðvaðir og hjólaklossar (chocks) settir við hjól.

Undanskilinn frá þessu er starfsmaður sem tekur á móti vél og veifar inn (Marshall).

Starfsfólk á flughlöðum, flugbrautum og akbrautum skal klæðast sérstökum sýnileika fatnaði með endurskini samkvæmt staðli EN 471. Þessar reglur eiga einnig við um áhafnir flugvéla og aðra sem fara um flugvallarsvæði að farþegum undanskildum. Allur vinnu- og öryggisfatnaður skal vera í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Eftir að slökkt hefur verið á blikvita loftfars eftir innkomu á stæði eru öryggismál á stæðinu, þ.á.m. ábyrgð á öryggi farþega og áhafnar viðkomandi loftfars, komin á ábyrgð viðkomandi þjónustuaðila.

Afgreiðsluaðili skal beina farþegum stystu og öruggustu leið að og frá loftfari. Eins og við verður komið hverju sinni, skal halda sig fjarri flugvélavængjum/spöðum, mótör og búk vélar. Um leið skal tryggja að annar búnaður á hlaði geti ekki valdið tjóni.

### 16 EFTIRLIT MEÐ ÖKUTÆKJUM Á ATHAFNASVÆÐI

*PROCEDURES FOR THE CONTROL OF VEHICLES OPERATING ON OR IN THE VICINITY, OR THE MOVEMENT AREA, INCLUDING TRAFFIC RULES, RIGHT OF WAY, SPEED LIMITS, AND METHOD FOR ISSUING DRIVING PERMITS, AND ENFORCEMENT MEANS.*

Öryggisreglur Egilsstaðaflugvallar gilda á athafnasvæði flugvallarins. Ennfremur er í gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 7/2007 um aðgangsstýringu, akstur og umferð um flugvöllinn.

Einungis þeir sem hafa lögleg erindi og eru með aðgangsheimild flugvallarins hafa aðgang. Hámarkshraði ökutækja á athafnasvæði flugvallarins er sem hér segir:

- Á flugbrautum og flugvélaakbrautum: 50 km/klst
- Á flughlöðum: 20 km/klst
- Nærri loftfari: 10 km/klst

Ekki skal aka undir vængi eða aðra hluta flugvéla nema nauðsyn krefji vegna afgreiðslu. Eftir gangsetningu hreyfla skal ekki aka nær flugvél en 50 metra nema um beina

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## **FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG**

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

afgreiðslu við flugvélina sé að ræða. Öll ökutæki sem leyfi hafa til aksturs á athafnasvæði flugvallarins skulu hafa gilda skoðun samgöngustofu eða vinnueftirlits eftir því sem við á, vera skráð hjá flugvallastjóra og útbúin gulu blikkljósi á þaki. Ökutækjum sem ekið er á flugbrautum og akbrautum skulu vera útbúin talstöðvum. Flugvallarstarfsmenn fylgjast með því hvort umferðarreglum er framfylgt.

Á flugvellinum hafa loftför sem eru í lendingu eða flugtaki forgang. Þar næst er forgangsröðin eftirfarandi:

- Neyðarbifreiðar í forgangsakstri.
- Flugvélar í akstri undir eigin vélarafli.
- Ökutæki við snjóhreinsun, hálkuvarnir, sópun, bremsumælingar og brautarskoðanir.
- Ökutæki með flugvél í eftirdragi.
- Þjónustubifreiðar.
- Önnur ökutæki.

Móttaka Isavia í Reykjavík annast útgáfu leyfisbréfa fyrir ökutæki í umboði flugvallarstjóra og heldur utan um lista með nöfnum þeirra sem hafa heimild til aksturs um flug- og akbrautir. Áður en einstaklingur hlýtur heimild til aksturs innan flugvallar skal tryggt að viðkomandi hafi hlotið þar til bæra þjálfun. Flugvallarstjóri getur krafist endurþjálfunar telji hann þess þörf. Hann getur einnig ógilt akstursheimild einstaklings án fyrirvara.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar



## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 17 DÝRALÍFSSTJÓRNUN

*PROCEDURES FOR WILDLIFE HAZARD MANAGEMENT, INCLUDING ASSESSING WILDLIFE HAZARDS AND ARRANGEMENTS FOR IMPLEMENTATION OF THE WILDLIFE CONTROL PROGRAMME, AND PROMULGATION OF THE RELEVANT INFORMATION TO THE AIS; WILDLIFE STRIKE FORM.*

Eftirlit með fuglalífi við flugvöllinn er í höndum flugvallarþjónustu. Hætta af öðrum dýrum er hverfandi. Flugvallarstjóri er ábyrgur fyrir stjórnun og mati á hættu á dýralífi umhverfis Egilsstaðaflugvöll.

Að auki skráir flugvallarþjónusta skipulega niður allar aðgerðir og atvik tengd fuglum og fugla fælingu á þar til gert eyðublað, EB505 02 *Fuglaskráningar*. Gert er ráð fyrir að allar skráningar séu merktar ákveðnum svæðum innan flugvallarins. Flugradíómaður á vakt skráir árekstur fugla í Opscom og fær SGS tölvupóst með þeim upplýsingum.

Flugradíómaður á vakt eru einnig meðvitaðir um að fylgjast með athafnasvæði Egilsstaðaflugvallar og láta flugvallarþjónustu vita ef einhver hætta er af dýrum í nágrenni flugvallarins.

Sjá nánar í skjölunum SK160 02 *Heildaráætlun Isavia vegna dýralífsstjórnunar* og VL505 01 *Fuglafælingar*.

### 18 EFTIRLIT MEÐ HINDRUNUM OG LANDNÝTINGU

#### 18.1 HINDRANIR INNAN OG UTAN FLUGVALLARSVÆDIS

*PROCEDURES FOR OBSTACLE CONTROL AND MONITORING WITHIN AND OUTSIDE OF THE AERODROME BOUNDARIES, AND NOTIFICATION TO THE COMPETENT AUTHORITY, OF THE NATURE AND LOCATION OF OBSTACLES, AND ANY SUBSEQUENT ADDITION, OR REMOVAL OF OBSTACLES FOR ACTION AS NECESSARY, INCLUDING AMENDMENT OF THE AIS PUBLICATIONS.*

Eftirlit á flugvallarsvæðinu miðast við að fylgst sé með að hindranir fari ekki upp fyrir leyfileg mörk hindranaflata. Hæðarmælingar eru gerðar ef þeirra er þörf.

Samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar er byggingarfulltrúa Fljótshéraðs skylt að fá álit frá Isavia ohf. áður en byggingar inni á hindranasvæði Egilsstaðaflugvallar eru samþykktar.

Tímabundnar hindranir vegna byggingarframkvæmda eða viðgerða skal tilkynna með NOTAM skeyti.

Flugvallarstjóri skal leita eftir samvinnu við skipulagsyfirvöld til að reyna að tryggja sem besta sátt um starfsemi flugvallarins.

Tilkynningar vegna breytinga á útgefnum upplýsingum um eðli, hæð og staðsetningu hindrana eru sendar flugupplýsingaþjónustu Isavia ohf. ásamt Samgöngustofu með formlegum hætti af ritstjóra AIP eða með NOTAM tilkynningu.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 18.2 EFTIRLIT MEÐ LANDNÝTINGU INNAN OG UTAN FLUGVALLARSVÆÐIS

*PROCEDURE FOR MONITORING AND MITIGATING HAZARDS RELATED TO HUMAN ACTIVITIES AND LAND USE, ON THE AERODROME AND ITS SURROUNDINGS. RELEVANT INSPECTION CHECKLISTS, LOGBOOK, AND RECORD KEEPING; INSPECTION INTERVALS AND TIMES; REPORTING RESULTS AND FOLLOW-UP ACTIONS.*

Mánaðarlegt eftirlit með landnýtingu innan og utan flugvallarsvæðis er framkvæmt samkvæmt VR500 10 Afgreiðsla og eftirfylgni með tímabundnum hindrunum.

## 19 NEYÐARÁÆTLUN FLUGVALLARINS

*AERODROME EMERGENCY PLAN.*

### 19.1 NEYÐARVIÐBRÖGÐ

*DEALING WITH EMERGENCIES AT THE AERODROME OR IN ITS SURROUNDINGS.*

Neyðaráætlun BIEG samanstendur af þremur skjölum:

- **Flugslysaáætlun.** Unnið eftir áætlun þessari í tilfellum flugslysa á og í grennd við flugvöllinn, Eigendur eru Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórinn á Austurlandi og Isavia. Áætlunina má finna á vef Almannavarna: <http://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/?wpdmc=flugslysaaaetlanir>
- **Neyðaráætlun vegna flugverndar.** Unnið skal eftir áætluninni í tilfellum ólögðra athæfa á athafnasvæði flugvallarins Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Sérsvæiti ríkislögreglustjóra Lögreglustjórinn á Austurlandi og Isavia. Áætlunin er með takmarkaðan aðgang og dreift til viðeigandi aðila.
- **Sóttvarnaráætlun (SÓT).** Unnið skal eftir áætluninni í tilfellum sóttvarnartilfella í loftförum á leið til flugvallar og á flugvellinum. Eigendur eru Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Sóttvarnarlæknir, Lögreglustjórinn á Austurlandi og Isavia. Áætlunina má finna á vef Almannavarna: <http://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/?wpdmc=flugslysaaaetlanir>

### 19.2 PRÓFANIR Á NEYÐARBÚNAÐI

*TESTS FOR AERODROME FACILITIES AND EQUIPMENT TO BE USED IN EMERGENCIES, INCLUDING THEIR FREQUENCY.*

Prófun á Tetra boðunar fjarskiptabúnaði fer fram vikulega og annast flugturninn þá prófun. Annar samskiptabúnaður er í daglegri notkun og krefst ekki sérstakrar prófunar.

Neyðarbúnaður flugvallarins er staðsettur á flugvellinum eða í grennd við hann eftir aðstæðum. Búnaðurinn er í daglegri umsjón flugvallarþjónustu. Búnaðurinn er prófaður með

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykktandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

reglulegri notkun, sbr. verklag vegna æfinga og þjálfunar. Ökutæki til neyðarþjónustu eru prófuð reglulega af flugvallarþjónustu samkvæmt gátlista.

### 19.3 ÆFINGAR VEGNA NEYÐARÁÆTLUNAR

*EXERCISES TO TEST EMERGENCY PLANS, INCLUDING THEIR FREQUENCY.*

Neyðaráætlun flugvallarins er æfð að fullu (Full Scale Aerodrome Emergency Exercise) á tveggja ára fresti. Flugslýsaæfing og neyðaráætlun vegna flugverndar skiptis.

Verkþáttaæfingar (Partial Emergency Exercises) eru haldnar þess á milli.

## 20 BJÖRGUNAR- OG SLÖKKVIÐBÚNAÐUR

*RESCUE AND FIREFIGHTING, INCLUDING DESCRIPTION OF FACILITIES, EQUIPMENT, PERSONNEL AND PROCEDURES FOR MEETING THE FIREFIGHTING REQUIREMENTS.*

Ábyrgð á björgunar- og slökkviðbúnaði Egilsstaðaflugvallar er í höndum flugvallastjórans. Björgunar- og slökkviðbúnaður Egilsstaðaflugvallar er CAT V, samkvæmt kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með möguleika á hækkun í CAT VII. Ef flokkur björgunar- og slökkviðbúnaðs lækkar niður fyrir CAT V er gefið út NOTAM.

Nánari upplýsingar um viðbragðsþjónustu er að finna í Flugslýsaáætlun Egilsstaðaflugvallar sem gefin er út af Almannavörnum ([www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)).

Nánari upplýsingar má finna í skjalinu SK160 01 *Leiðbeiningar um framkvæmd og uppfyllingu krafna í björgunar- og slökkvimálum*. Upplýsingar um magn og gerð slökkviefnis má finna í kafla 6.12.

## 21 MEÐHÖNDLUN LASKAÐS LOFTFARS

*REMOVAL PLAN OF DISABLED AIRCRAFT, INCLUDING RELEVANT ARRANGEMENTS, EQUIPMENT, AND PROCEDURES FOR ITS IMPLEMENTATION.*

Það fer eftir eðli málsatvika hvort það er á ábyrgð flugrekanda, handhafa skráningarskírteinis loftfars eða viðkomandi tryggingarfélags að fjarlægja bilað eða laskað loftfar. Framkvæmd og yfirstjórn aðgerða er í höndum flugvallarstjóra. Á flugvællum eða í nágrenni hans skal vera lágmarksbúnaður til að fjarlægja bilað loftfar. Ef sá búnaður nægir ekki þá mun flugvallarstjóri leitast við að útvega þann búnað sem þarf. Ef um flugóhapp er að ræða verður samþykki Rannsóknarnefndar samgönguslýsa einnig að liggja fyrir áður en til framkvæmdar kemur.

Ef með þarf aflar flugvallarstjóri upplýsinga hjá Samgöngustofu um flugrekanda og handhafa skráningarskírteinis. Flugvallarstjóri skal upplýsa handhafa skráningarskírteinis um þær aðferðir sem nota á til þess að fjarlægja loftfarið og fá samþykki hans fyrir aðferðunum áður en til framkvæmdar kemur.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## **FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG**

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

Flugradíó á Egilsstaðaflugvelli upplýsir flugstjórn um ástand á flugvelli. Ef nauðsyn krefur óskar flugradíó eftir því við flugstjórn, að höfðu samráði við flugvallarstjóra, að flugumferð verði beint frá flugvelli.

## **22 MEÐHÖNDLUN ELDSNEYTIS OG ANNARRA VARASAMRA EFNA**

*PROCEDURES FOR ENSURING THE SAFE HANDLING AND STORAGE OF FUEL AND DANGEROUS GOODS IN THE AERODROME.*

### **22.1 ÖRYGGISKRÖFUR**

*EQUIPMENT, STORAGE AREAS, DELIVERY, DISPENSING, HANDLING, AND SAFETY MEASURES.*

Varúðarráðstafanir og öryggisreglur vegna geymslu og notkunar varasamra efna skulu vera í samræmi við reglugerð um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum. Atvinnurekandi skal í samræmi við áðurnefnda reglugerð tryggja að starfsmenn fái nægilega og viðeigandi þjálfun í forvörnum og þekki merkingar á varasömum varningi, varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við efnaslysum.

Allur varasamur varningur sem fer um Egilsstaðaflugvöll skal vera merktur í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni; reglugerð um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis; reglugerð um flutningaflug flugvéla; reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi; og í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar um.

Til hættulegra efna teljast öll eldfim efni, föst og fljótandi, ætandi vökvar, gastegundir undir þrýstingi svo og segulmögnuð eða geislavirk efni. Allur varasamur varningur skal merktur með viðeigandi fjögurra stafa „UN“ einkennisnúmeri sem skilgreinir nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna viðkomandi varnings.

Öll meðferð og geymsla á hættulegum efnum á Egilsstaðaflugvelli er undir eftirliti og á ábyrgð viðkomandi rekstraraðila. Flugvélaeldsneyti er geymt í sérstökum eldsneytistöðum við flugvallarhlað (sjá kafla 4.2.3. *Helstu mannvirk*). Áfylling eldsneytistanka er í höndum Skeljungs en afgreiðsla eldsneytis á flugvélar er í höndum Icelandair í umboði Skeljungs.

Á flugvelli er einnig geymd díselolía fyrir þjónustutæki flugvallarins. Áfylling á eldsneytistanka er framkvæmd af N1 og afgreiðsla af tönkunum er á vegum flugvallarþjónustu. Icelandair sér um afisingarþjónustu á flugvelli. Afisingarefni eru geymd í skemmu Icelandair. Afisingarefni í eigu Isavia eru geymd í tækjageymslu.

Ef tilkynningarskylt óhapp verður við áfyllingu eða dreifingu eldsneytis eða meðferð annarra hættulegra efna skal það tilkynnt til flugvallarþjónustu og viðeigandi yfirvalda. Viðkomandi rekstraraðilar sjá um hreinsun. Ef hreinsunarvinnan er yfir getu þeirra skal vaktstjóri kalla til Brunavarnir á Austurlandi sem tekur þá við stjórn hreinsunaraðgerða og tilkynnir óhappið til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Sjá nánar skjalið HB540 02 *Öryggisreglur BIEG*.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 22.2 GÆÐI ELDSNEYTIS

*QUALITY AND CORRECT SPECIFICATION OF AVIATION FUEL; AUDIT AND INSPECTION INTERVALS, CHECKLISTS, SAMPLING AND RECORD KEEPING*

Isavia og rekstraraðilar flugvallarins hafa gert með sér skriflegt samkomulag sem tilgreinir meðal annars öryggisreglur flugvallarins. Afgreiðsla loftfara er framkvæmd samkvæmt skriflegu verklagi rekstraraðila sem skal taka mið af þessu samkomulagi.

Nánari upplýsingar um öryggisreglur flugvallarins má finna í skjalinu HB540 02 Öryggisreglur BIEG.

### 23 ÞJÓNUSTA Í TAKMÖRKUÐU SKYGGNI

*LOW VISIBILITY OPERATIONS: DESCRIPTION OF OPERATIONAL PROCEDURES, INCLUDING COORDINATION WITH AIR TRAFFIC SERVICES UNIT AND APRON MANAGEMENT UNIT, STANDARD TAXIING ROUTES, CONTROL OF ACTIVITIES, AND MEASUREMENT AND REPORTING OF RUNWAY VISUAL RANGE.*

Flughreyfingar eru óheimilar ef skyggni er minna en 550m.

### 24 VETRARÞJÓNUSTA

*PROCEDURES FOR WINTER OPERATIONS, INCLUDING SNOW REMOVAL PLAN AND PROCEDURES FOR ITS IMPLEMENTATION AS WELL AS DESCRIPTION OF THE AVAILABLE MEANS AND RELEVANT ARRANGEMENTS.*

Yfir vetrartímamann (01.október – 30.apríl) sinnir flugvallarþjónustan að lágmarki eftirtöldum verkefnum:

- Eftirlit með flugbrautum, akbrautum og flughlöðum með áherslu á ísingu, snjó, krap og vatn. Ástandsmat flugbrauta, akbrauta og flughlaða og tilheyrandi skýrslugjöf skv. Global Reporting Format (GRF).
- Framkvæma aðgerðir sem tryggja öryggi loftfara á flugbrautum, akbrautum og/eða flughlaði við vetrarskilyrði sem annars geta hamlað flugumferð.
- Upplýsa viðeigandi aðila um skilyrði á flugbrautum, akbrautum og/eða flughlaði eins og við á.

Nánari upplýsingar um verklag er að finna í VR505 01 *Vetrarviðhald*. Ástandsmati og skýrslugjöf skv. GRF er fylgt allt árið.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 25 VERKLAG Í SLÆMU VEÐRI

*PROCEDURES FOR OPERATIONS IN ADVERSE WEATHER CONDITIONS.*

Vaktstjóri fylgist með veðurspám og ef útlit er fyrir mikið hvassviðri og/eða mikla snjókomu þá metur hann hvort þörf sé á því að kalla út auka mannskap. Vaktstjóri skal vera í góðu sambandi við turn varðandi stöðuna á flugbraut á meðan á óveðri stendur. Vaktstjóri skipuleggur hvernig verkefni eru unnin og er verklag hverju sinni háð veðri og aðstæðum.

### 26 ÞJÓNUSTA AÐ NÆTURLAGI

*PROCEDURES FOR NIGHT OPERATIONS.*

Flugvöllurinn sinnir flughreyfingum allan sólarhringinn. Flugvallarþjónustan hefur eftirlit með flugvallarsvæðinu á næturna. Allar bilanir og lagfæringar eru framkvæmdar ef aðstæður leyfa og skráðar í Opscom.

### 27 RATSJÁR OG ANNAR FLUGLEIÐSÖGUBÚNAÐUR

*PROCEDURES FOR THE PROTECTION OF RADAR AND OTHER NAVIGATIONAL AIDS,  
CONTROL OF ACTIVITIES, AND GROUND MAINTENANCE IN THE VICINITY OF THESE  
INSTALLATIONS.*

Allar framkvæmdir í nágrenni eða við leiðsöguvirki vallarins eru háðar leyfi rekstrarstjóra CNS kerfa Keflavík.

Verkefnisstjóri flugleiðsögubúnaðar ber ábyrgð á því að fylgst sé með því að svæði umhverfis aðflugshalla- og aðflugsstefnusenda séu auð. Ef hreinsunar er þörf er það tilkynnt flugturni og flugvallarstarfsmenn beðnir um að sinna því. Flugturn upplýsir flugmenn um aðstæður.

Á girðingu við hringvita skal vera skilti sem bannar óviðkomandi aðgang.

Við fjarlægðarmæli (DME) skal vera skilti sem bannar óviðkomandi aðgang og varar við örbylgjugeislun.

Við skýjahæðarmæla skal vera skilti sem varar við laser geislun.

Ekki er krafist slíkra merkinga við búnað innan flugvallargirðingar. Flugvallarstjóri er ábyrgur fyrir uppsetningu aðvörunarskilta og viðhaldi þeirra.

Sjá einnig VL472 61 *Snjómokstur og gróður umhverfis Localizer og GP.*

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 28 ÞJÓNUSTA VIÐ LOFTFÖR Í HÆRRI STÆRÐARFLOKKI

*PROCEDURES FOR THE OPERATION OF AIRCRAFT WITH HIGHER CODE LETTER AT THE AERODROME, INCLUDING TAXIING ROUTES.*

Loffför í stærðarflokki E aka af flugbraut inn á akbraut *Alpha* og þaðan að hlaði. Þau stöðva í stæði 4. Þegar loftfar í stærðarflokki E er í stæði 4 þá er akbraut *Alpha* lokuð allri umferð.

### 29 ELDVARNIR

*PROCEDURES AND MEASURES FOR THE PREVENTION OF FIRE AT THE AERODROME.*

Reykingar og meðferð elds eru bannaðar á athafnasvæðum og svæðum þar sem eldfim efni eru geymd. Flugvallarstjóri getur veitt heimild fyrir meðferð elds í sérstökum tilvikum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að allir starfsmenn á flughlöðum hafi lokið námskeiði um verklagsreglur, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum og eldsvoða.

Starfsmenn flugvallarins og starfsmenn afgreiðsluaðila skulu hafa auga með hugsanlegri eldhættu í störfum sínum.

### 30 SAMSKIPTI VIÐ TURN

*COMMUNICATION PROCEDURES, INCLUDING: FREQUENCIES; LANGUAGE AND PHRASEOLOGY TO BE USED WHEN COMMUNICATING WITH THE AIR TRAFFIC SERVICES; VEHICLE CALL SIGNS; COMMUNICATION SIGNALS TO BE USED IN CASE OF RADIO COMMUNICATION FAILURE; COMMUNICATION VIA THE AIR TRAFFIC SERVICES PROVIDER; AND DISSEMINATION OF SIGNIFICANT INFORMATION.*

AFIS BIEG, íslenska/enska.

Kallmerki: Egilsstaðir flugradió/Egilsstaðir information

Tölvupóstfang: [biegtwr@isavia.is](mailto:biegtwr@isavia.is).

Egilsstaðir flugradió er á bylgjulengd 119,4 MHZ. Tíðnin er vöktuð utan þjónustutíma. Samskipti við brautarstarfsmenn eru á bylgjulengd 168,6 MHZ.




Samskipti við flugradió fara eftir VL540 03 Vinnuleiðbeining um notkun orðtaka ökumanna á umferðarsvæðum\_BIEG, og VL434 05 Vinnuleiðbeiningar flugradiómanna.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

Dæmi um orðtakanotkun ökumanna BIEG:

	Egilsstaðir flugradió, Bill 8 óskar eftir leyfi til að aka frá GP fyrir flugbraut, að sandskýli
	Bill 8, Egilsstaðir flugradió, samþykkt
	Samþykkt, Bill 8

Ef turn/flugradió missa samband við ökutæki mun turn/flugradió blikka brautarljósum sem þýðir að öll ökutæki skulu fara strax út af flugbrautum.

Athugið einnig sérreglur og upplýsingabréf vegna ATS þjónustu sem eru vistuð undir „skjalasafn“ í Opscom.

### 31 DRÁTTUR LOFTFARA

*AIRCRAFT TOWING PROCEDURES, INCLUDING: DESIGNATED ROUTES TO BE USED; LIGHTS TO BE DISPLAYED BY AIRCRAFT; COMMUNICATION PROCEDURES; GUIDANCE TO BE PROVIDED; MEASURES FOR ENSURING SAFETY TO TOWING OPERATION IN ADVERSE WEATHER CONDITIONS, INCLUDING VISIBILITY AND WEATHER PHENOMENA IN WHICH TOWING IS LIMITED OR NOT PERMITTED.*

Við brottflutning tækja skal nota viðeigandi búnað sem hentar hverju tæki fyrir sig og leitast við að valda ekki frekari skemmdum á tækinu. Hafa skal samráð við fulltrúa eiganda loftfars og tryggingafélag eftir því sem við á. Þá skal haga verkum þannig að lokun flugbrautar/akbrautar vari í sem skemmstan tíma.

Hafi loftfar orðið fyrir óhappi eða brotlendir á flugvellingum skal hafa samráð við Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) ásamt fulltrúum eiganda loftfars (flugfélag og/eða flugafgreiðsluaðila viðkomandi flugfélags) og tryggingafélag eftir því sem við á áður en aðgerðir við brottflutning loftfars eða loftfarahluta hefjast.

Óhöpp sem lítil loftför eiga hlut í, eru í flestum tilfellum á færi starfsmanna flugvallarþjónustunnar að sjá um í samráði við ábyrgðaraðila loftfars. Með samþykki RNSA og eiganda eða umráðaaðila viðkomandi loftfars getur Flugvallastjóri eða staðgengill hans látið fjarlægja loftfarið.

Við brottflutning tækja skal öryggi starfsmanna og annarra sem að framkvæmdinni koma haft í fyrirrúmi.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar



## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

Við allar aðgerðir við brottflutning loftfara, sem ganga ekki fyrir eigin vélarafli, skal fylgja tilmælum „ICAO Airport Services Manual, part 5, Removal of Disabled Aircraft“ varðandi vinnuaðferðir og önnur tæknileg atriði.

Hafi Flugvallarþjónusta ekki tækjabúnað til umráða sem flutt getur loftfar, skal leita til utanaðkomandi aðila. Einungis skal fara í slíkar aðgerðir með leyfi flugvallarstjóra eða staðgengil hans, ásamt samþykki flugrekanda/tryggingarfélags.

Við tilfærslu loftfara með aðstoð dráttarbíla eða annarra léttitækja, skal þjónustuaðili leitast við að tryggja öryggi loftfars, áhafnar, farþega og annars búnaðar eins og mögulegt er. Skal þjónustuaðili koma sér upp verklagsreglum, m.v. eðli og/eða umfang starfseminnar, þar sem réttum aðferðum er lýst með ofangreint í huga. Starfsmenn sem bera ábyrgð á tilfærslu loftfara skulu hafa hlotið viðeigandi þjálfun.

Rekstraraðilar skulu kynna sér flugvallakort flugvallarins ásamt breidd og burðargetu flugbrauta/akbrauta. Út frá þeirri greiningu og styðjandi áhættumati skulu þeir kortleggja helstu leiðir sem þeir hyggjast draga loftför um flugvöllinn.

Meðan loftfar er dregið skal tryggja að kveikt er á blikvita þess.

Afla skal viðeigandi heimilda við flugturn á grundartíðni 168,6 MHZ meðan loftfar er dregið um völlinn og almennt skal tryggja góð samskipti við bæði flugturn sem og aðra hluteigandi aðila meðan loftfar er dregið – m.a. til að tryggja lýsingu á flugbraut/flughlaði/akbraut.

Meðal þess sem rekstraraðili skal hafa í huga þegar loftfar er dregið er (ekki tæmandi listi):

- Réttur búnaður sé notaður hverju sinni m.v. tegund loftfars og/eða verkefnis.
- Þess gætt að búnaður sé í lagi, t.d. sjónskoðun eftir sprungum, beyglum o.s.frv.
- Búnaðurinn sé prófaður tímanlega – t.d. bremsur, samskiptatæki, ljós o.s.frv.
- Tryggja að loftfarið sé tilbúið í tog ásamt viðeigandi öryggisráðstöfunum, og eftir stærð loftfars, að kunnáttuaðili sé í stjórnklefa vélarinnar.
- Tryggja að þjálfari aðilar séu ábyrgir fyrir toginu. Eftir stærð loftfars þarf að gera ráð fyrir fleiri starfsmönnum, t.d. við vængenda og stél.
- Gæta að hraða.
- Nýtni flughlaðs þegar loftfari er komið fyrir og réttur frágangur þegar loftfar er stöðvað (bremsur).

Þegar kemur að draga loftför í erfiðum veðuraðstæðum gildir eftirfarandi.

Óheimilt er að draga loftför um völlinn þegar RVR-skyggni er undir 800m. Flugradíómaður í flugturni getur þó gefið sérstaka undanþágu ef umferðarálag leyfir.

Rekstraraðili skal gæta þess að þekkja takmörk sinna véla eins og tiltekið er í handbók hvers loftfars fyrir sig, m.t.t. eigin þyngdar, eldsneytis, vindhraða o.s.frv. Áður en loftfar er dregið í vafasömum aðstæðum skal ávallt haft samráð við flugturn og/eða flugvallarþjónustu. Sjá einnig VR505 10 - 3 Brottflutningur bilaðra eða laskaðra tækja af umferðarsvæði Alþjóðaflugvallanna Isavia Innanlands.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## FH540 01 - 5 Flugvallarhandbók BIEG

Samþykkjandi: Flugvallarstjóri Egilsstaðaflugvallar

### 32 UPPLÝSINGAGJÖF MILLI VAKTA OG TIL NOTENDA FLUGVALLARINS

*PROCEDURES FOR THE HANDOVER OF ACTIVITIES BETWEEN AERODROME PERSONNEL,  
INCLUDING DESCRIPTION OF THE SYSTEM FOR THE PROVISION OF OPERATIONAL  
INFORMATION TO OTHER ORGANISATIONS OPERATING AT THE AERODROME.*

Á vaktaskiptum flugvallarþjónustunnar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Hvaða flugbraut er í notkun
- Eru takmarkanir á flugumferð vegna skyggnis
- Eru nýjar upplýsingar um framkvæmdavinnu á flugvellingum
- Fara yfir dagbókarfærslur og atvikaskráningar
- Umræða um veðuraðstæður og veðurspá framundan
- Sérstakar aðstæður vegna dýralífs

Upplýsingagjöf til annarra notenda flugvallarins fer fram á eftirfarandi miðlum:

- [iws.isavia.is](http://iws.isavia.is) vegna veðurs og snowtam
- [eaip.isavia.is](http://eaip.isavia.is)
- heimasíðan [isavia.is](http://isavia.is) upplýsingar fyrir flugmenn m.a. NOTAM
- grasrótarsíðan [isavia.is/grasrotin](http://isavia.is/grasrotin)
- fésbókarsíða flugvallarins
- Notendafundir a.m.k 2x á ári

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar